# Réttir að hefjast víða um land

Næstu helgar verður réttað víða um land og eru réttir raunar þegar hafnar sums staðar og standa út mánuðinn. Seinni réttir ná fram í næsta mánuð. Réttað var í Hlíðarrétt í Mývatnssveit á sunnudag þar sem fjöldi manna og skepna var samankominn og fénaði skipað milli dilkanna.

# Fyrstu réttirnar

Miklar annir eru hjá sauðfjárbændum á haustin. Nú standa yfir göngur víða um land og fjöldi rétta verður næstu daga. Fyrstu „alvöru" réttirnar voru í gær, þá var réttað í Fossrétt á Síðu. Í þá rétt er smalað fé af austurhluta Síðuafréttar. Fé var frekar fátt enda gengu réttarstörfin fljótt og vel fyrir sig. Réttardagurinn er mikill hátíðisdagur hjá börnunum. Frændsystkinin Atli Páll Helgason úr Hafnarfirði og Jóna Hulda Pálsdóttir á Fossi fylgdust með afa sínum og pabba, Páli Helgasyni bónda á Fossi, finna hvern dilkinn á fætur öðrum og færa í Fossdilkinn.

# Dativ

Bókin er handa (stelpan).
Hringurinn er úr (gull).
Ása fær bréf frá (vinurinn).
Ari býr rétt hjá (skólinn).
Bókin er á (borðið).
Kortið hangir á (veggurinn).
Stóllinn stendur á (gólfið).
Taskan er undir (stóllinn).
Stelpan tekur bókina úr (taskan).
Bollarnir eru í (skápurinn).

# Dativ

Þau leita að (hundurinn).
Þau spyrja mig að (nafn).
Börnin hlæja að (kvikmyndin).
Þau kveikja á (sjónvarpið).
Þau slökkva á (lampinn).
Allir bíða eftir (gestirnir).
Þau muna eftir (bókin).

# Gjöfin er handa...

mamma - mín
vinur – minn
kærastinn – þinn
foreldrar - mínir
barnið - þitt
vinkonur – mínar
systir - þín
kunningi – minn
kærastan – þín
bróðir – minn
pabbi - þinn
nemarnir – mínir

